

Nefndasvið Alþingis  
Við Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík 20.des. 2010

**Efni: Umsögn RR-SKILA við frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, 186.mál 139.þings**

#### Inngangur

Hagsmunaaðilar, þ.e.a.s. innflytjendur raf- og rafeindatækja (framleiðendur slíks búnaðar finnast ekki hér á landi) hafa frá upphafi verið ósáttir við þann farveg sem Alþingi markaði með breytingu á lögnum nr. 55/2003 um ráðstöfun raf- og raftækjaúrgangs vorið 2008. Almennur og ákveðinn vilji var til þess að þetta félli undir Úrvinnslusjóð sem hafði starfað í nokkur ár undir stjórn sem atvinnulífið hafði meirihluta í og með starfsháttum og verklagi sem fyrirtækin þekktu og voru býsna sátt við. Allir rekstrarmenn sáu í hendi sér að með því að fella þetta undir Úrvinnslusjóð væri kostnaður lágmarkaður, málið væri í höndum aðila sem hefðu reynslu af ráðstöfun úrgangs, jöfnun ríkti þar sem endurvinnslugjöld væru greidd við tollafgreiðslu af öllum innflytjendum og kæmu jafnframt strax inn í verðútreikninga innflytjenda sem hluti af kostnaðarverði vöru. Úrvinnslusjóður hafði undirbúið sig til að taka við þessu en því miður fór málið ekki í þennan farveg. RR-SKIL hafa sem félag fyrirtækja sem bera ábyrgð á mestum hluta innfluttra raf- og rafeindatækja síðan ítrekað þessa afstöðu félagsmanna í ræðu og riti. Hvað sem líður texta tilskipunar ESB, sem er undirstaða umræddra laga, þá teljum við að meginatriði sé að ná tilætluðum markmiðum með sem hagkvæmasta hætti og þekkjum ekki dæmi þess að gerðar hafi verið athugasemdir við þær leiðir sem einstök ríki fara til að ná þeim markmiðum með sem mestri skilvirkni.

#### Frumvarpið

Með því frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi og snýst að hluta um raf- og rafeindatækjaúrgang er stigið skref í þá veru að nýta þekkingu og starfshætti Úrvinnslusjóðs í þágu skilakerfanna. Jafnframt er mikilvægt og afar nauðsynlegt hlutverk stýrinesndar varðandi kostnaðarjöfnun á milli skilakerfa á réttað auk þess sem aðildarskylda innflytjenda að skilakerfi er gerð að forsendu fyrir tollafgreiðslu innfluttra raf- og rafeindatækja. Frumvarpið endurspeglar að því er raf- og rafeindatækjaúrgang varðar reynslu af gildandi lögum og þörf fyrir breytingar á þeim. Margt er þar fært til betri vegar.

#### Tillögur / ábendingar:

- **RR-SKIL leggja til að Alþingi stígi til fulls það skref sem frumvarpið gerir ráð fyrir og felli umsjón framleiðendaábyrgðar og ráðstöfun raf- og rafeindatækjaúrgangs alfarið undir Úrvinnslusjóð. Rökin fyrir þessu hafa þegar að mestu verið tilgreind, en því má bæta við að auk lágmarkunar á kostnaði við þessa leið þá ríkir víðtæk sátt um starfshætti Úrvinnslusjóðs meðal fyrirtækja og flókin kostnaðarjöfnun sífellt flóknara regluveldi og ráðstöfunarúrræði er betra að fylgjast með og miðla áfram af einum stórum aðila en fleiri skilakerfum og nefndum. Meðf. er bréf hagsmunaaðila til umhverfisráðherra dags. 2.feb. 2009 um þetta efni.**

Ef ekki verður farin sú leið að stíga skrefið til fulls og fella þetta undir Úrvinnslusjóð eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins:

#### Almenn athugasemd:

Ef Alþingi telur sig þurfa rúman tíma til vinnslu frumvarpsins þannig að líkur verði til að það komi ekki til afgreiðslu fyrr en síðar á árinu, þá er mjög mikilvægt að þau ákvæði um skylduaðild að skilakerfi

sem eru í niðurlagi 11.gr. og um kostnaðarjöfnun á milli skilakerfa sem eru í 12.gr. komi til framkvæmda fyrr þar sem þau leysa erfiðan og viðvarandi vanda skilakerfanna.

#### 1.gr.

2.tl. Það er mikilvægt að skilakerfi þurfi ekki að greiða fyrir förgun hluta sem ekki hefur verið greitt af endurvinnslugjald til þeirra. Því er lagt til að þarna bætlst inn í setninguna á eftir „“ og aukahlutir sem greitt hefur verið af endurvinnslugjald og eru hluti ...“ (viðbótin skáletruð).

#### 11.gr.

b.stafliður. Með vísan til þess sem fram kemur í greinargerð um þessa grein (2.málsg. ) þar sem vakin er athygli á því að umræða sé um að fækka á flokkunum 10 innan ESB og með vísan til þeirra erfiðleika sem tvöföld flokkun í söfnun og ráðstöfun veldur öllum skilakerfum á EES svæðinu þá er lagt til að heimild til ráðherra að fækka þessum flokkum verði sett inn undir 11.gr.b í frumvarpinu ef slík fækkun verður gerð á tilskipun ESB um þetta mál. Skylduaðildin í lokamálsgreininni sem forsenda tollafgreiðslu er afar gott mál og fögnum við þeirri breytingu. Þetta má þó ekki verða til að skapa „umferðarhnút“ við tollafgreiðslur. Ljóst er að meira en 1000 innflytjendur eru á bak við þann 5-10% innflutningsins sem fellur utan skilakerfa í dag. Því mætti íhuga leið til að afgreiða þennan innflutning með einhverjum einföldum og fljótlegum hætti.

RR-SKIL telja að það sama eigi að gilda um raf- og rafeindatækjaúrgang og drykkjarvöruumbúðir og vísa í 6.gr. a.staflið frumvarpsins, síðustu málsgrein þar sem er heimild til ráðherra að kveða á um í reglugerð að framleiðendur og innflytjendur drykkjarvöruumbúða starfi allir saman í einu skilakerfi sem starfar ekki í hagnaðarskyni, enda liggi fyrir þegar ákvörðun er tekin að a.m.k. framleiðendur og innflytjendur með yfir 70% af markaðshlutdeild drykkjarvöruumbúða á liðnu ári hafi lýst yfir vilja til að starfa saman í einu skilakerfi. Lagt er til að sambærilegt ákvæði verði sett inn í 22.gr. sem verður 41.gr. varðandi raf- og rafeindatæki. Jafnframt er lagt til að ákvæði sambærilegt því sem er í 6. gr. g.staflið frumvarpsins um reglulegt mat á skilyrðum fyrir undanþágu frá tryggingu um fjárhagslega ábyrgð skilakerfis komi inn í 23.gr. laganna sem verður 42.gr.

#### 12.gr.

Kostnaðarjöfnun á milli skilakerfanna vegna mismunar á markaðshlutdeild og söfnun auk mismunandi kostnaðar við söfnunina er afar brýnt mál. Eins og greinargerðin undirstríkar er þarna ekki um nýtt mál að ræða heldur ítrekun og útlistun á því hvernig með skuli farið. Stýrinefndin mun væntanlega með aðstoð Úrvinnslusjóðs útfæra kostnaðarjöfnun fyrir árin 2009 og 2010, en síðan verður þessi vinna á borði Úrvinnslusjóðs hvort sem megintillaga okkar verður samþykkt eða frumvarpið óbreytt.

Í 2.mgr er vísað til flokkanna 10 þegar kemur að því að reikna út fjárkröfu til kostnaðarjöfnunar, en þessir flokkar eru ekki sú skipting sem unnið er með við söfnun og förgun og henta því ekki til kostnaðarjöfnunar sem er líka afar mismunandi eftir flokkum. Því er lagt til að á eftir „... 3.mgr. 41.gr. eða öðrum flokkum sem talið er eðlilegt að miða við“ (viðbótin skáletruð).

#### 13.gr.

e.stafliður. Felldur er niður texinn: „og ef brot eru alvarleg að svipta skilakerfi leyfi til að starfa. Ekki er ljóst hver ástæða er fyrir þessari breytingu og því leggjum við til að þessi breyting verði felld niður og greinin standi óbreytt.“

#### 14. gr.

Í niðurlagi greinarinnar er kveðið á um skráningu framleiðenda hjá Umhverfisstofnun og skyldu framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindatækja til að skrá sig og skila upplýsingum um innflutning eða framleiðslu til Umhverfisstofnunar. Við sjáum enga ástæðu til að þetta sé gert og leggjum til að síðasta málsgreinin verði felld niður. Það er skylda allra umræddra lögaðila að vera aðilar að skilakerfi og þessi skilakerfi skila upplýsingum um nafn, kt. og heimilisfang umræddra fyrirtækja til Stýrinesndar og Umhverfisstofnunar. Upplýsingar um innflutning og framleiðslu berast síðan mánaðarlega til Stýrinesndar frá tollstjóra og nefndin getur upplýst Umhverfisstofnun ef rökstudd ástæða þykir til. Upplýsingasöfnun þarf að þjóna ákveðnu og skilgreindu markmiði og aðeins þannig er hún réttlæt看leg. Slíkar ástæður eru ekki sjáanlegar í þessu tilfelli.

#### 15.gr.

a. stafliður í frumvarpinu er óþarfur með vísan til lokasetningar í 11.gr. a.staflið þar sem fram kemur að tilgreint sé í reglugerð hvaða tollskrárnúmer falla undir lögin. Lagt er til að stafliðurinn falli brott.


e.stafliður ber með sér ókunnugleika þeirra sem frumvarpið skrifa á því kerfi sem í gangi er. Það er nefnilega þannig að allir innflytjendur verða að vera í skilakerfi til að geta flutt inn raf- og rafeindatæki. Síðan tekur tollstjóraembættið mánaðarlega saman upplýsingar um innflutning og flokkar þetta niður á kennitölur, tollskrárnúmer og nettómagn í kg. Þetta er sent til Stýrinesndar og viðeigandi upplýsingar til skilakerfanna (upplýsingar um heildarinnflutninginn annars vegar og hins vegar innflutning félagsmanna viðkomandi skilakerfis). Á grundvelli innflutts magns innheimta síðan skilakerfin endurvinnslugjöld af félagsmönnum sínum til að standa undir kostnaði við söfnun og ráðstöfun úrgangsins.

Það er því í fyrsta lagi engin ástæða til að fá upplýsingar frá skilakerfunum um innflutninginn þar sem stýrinesnd er þegar með hann samtímis skilakerfunum. Þetta eru upplýsingar frá stjórnvöldum (tollstjóra) sem byggjast á tollskýrslum innflytjenda þannig að engin ástæða er til að véfengja þessa upplýsingaveitu. Það er svo líka misskilningur sem fram kemur í textanum að sölumagn raf- og rafeindatækja eigi eitthvað heima þarna. Sölumagn er aldrei stærð sem birtist í neinum tölugögnum um söfnun eða ráðstöfun raf- og rafeindatækja. Það er innflutningur annars vegar og hins vegar söfnun og ráðstöfun sem allt snýst um. Því er lagt til að þessi stafliður falli brott úr frumvarpinu.

#### 16.gr.

Við hljótum að mótmæla því að Umhverfisstofnun fá heimild til gjaldtöku fyrir „veitta þjónustu, eftirlit og verkefni stofnunarinnar vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs“. Þessi lagabreyting (einkum skylduaðild innflytjenda og framleiðenda að skilakerfum) sparar stofnuninni heilmikinn tíma og kostnað. Að auki hlýtur jafnræði að ríkja á milli allra aðila í atvinnulífinu sem stofnunin fjallar á einhvern hátt um. Ekki verður samþykkt að gjaldtaka falli á innflytjendur og framleiðendur raf- og rafeindatækja nema samskonar reglur gildi um alla aðra eftirlitsskylda starfsemi. Þá er líka ástæða til að nefna, að fenginni reynslu, að gæði eftirlits sem greiða á fyrir þarf að skilgreina ítarlega. Þetta er þjónusta sem líkja má við gæðaeftirlit og tíðni, verklag og úrvinnsla eftirlits þarf að vera á hreinu. Það hlýtur að vera réttur þeirra sem þvingaðir eru til greiðsju, að eftirlit sé þannig en ekki í formi „skuggabaldurs sem líður hjá“.

Virðingarfyllst,



Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri

Fskj. Bréf hagsmunaaðila til umhverfisráðherra 2.feb. 2009

Umhverfissráðherra  
Skuggasundi  
150 Reykjavík

Reykjavík 2.febrúar 2009

## Förgun raf- og rafeindatækjaúrgangs

Ágæti ráðherra!

### Formáli

Skiptar skoðanir voru á sínum tíma um innleiðingu á tilskipun ESB frá 2002 um förgun raf- og rafeindatækjaúrgangs (rr-úrgangs) sem lögleiða varð hér á landi vegna EES samningsins. Fulltrúar atvinnulífsins vildu að rr-úrgangur færi inn í Úrvinnslusjóðs með sama hætti og verið hafði. Þetta væri þjóðhagslega hagkvæmast og hefði ýmsa aðra kosti. Úrvinnslusjóður var stofnaður til að uppfylla kröfur um framleiðendaábyrgð og til að ná endurvinnslumarkmiðum þar sem þess var þörf. Æskilegt þótti að halda áfram á þeirri leið frekar en að byggja upp nýtt kerfi með öllu sem því fylgir. Því miður var ekki á þetta fallist og ekki talið fært af lögfræðingum Umhverfissráðuneytis að innleiða tilskipunina þannig. Til eru lögfræðialit þar sem komist var að annarri niðurstöðu. Skipuð var nefnd til að semja tillögur eða drög að frumvarpi sem byggðust á þeirri túlkun ráðuneytisins að þessi förgun gæti ekki verið á hendi Úrvinnslusjóðs heldur yrðu innflytjendur og framleiðendur að setja upp eigið förgunarfyrirkomulag vegna raftækjaúrgangs. Tveir fulltrúar atvinnurekenda tóku sæti í nefndinni þar sem samdar voru breytingar á lögum um úrgang nr. 55/2003 á þá leið að sett yrðu upp sérstök skilakerfi til að annast förgun raftækjaúrgangs.

Þrátt fyrir andmæli frá atvinnulífinu, Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og förgunaraðilum lagði umhverfisnefnd þingsins eftir miklar umræður í nefndinni málið fyrir Alþingi sem samþykkti í apríl 2008 lög nr.73/2008 sem er breyting á lögum nr. 55/2003 og leggur á innflutningsfyrirtæki og innlenda framleiðendur raf- og rafeindatækja þá skyldu að vera aðilar að skilakerfi um raftækjaförgun, eigin kerfi eða sameiginlegu, fyrir 1. október 2008 og skilakerfin skyldu taka til starfa 1. janúar 2009. Málið var komið í mikla tímaþröng þegar Alþingi fékk það til umfjöllunar því tímafrestir til innleiðingar voru liðnir.

Hagsmunasamtök atvinnurekenda gengust í júlí sl. fyrir stofnun sameiginlegs skilakerfis, RR-SKILa, sem 1. ágúst sl. fengu framkvæmdastjóra til starfa og hófu undirbúning að rekstri skilakerfis í samræmi við ákvæði laganna. Lítil tími gafst til undirbúnings og sem dæmi um það má nefna að reglugerð var ekki tilbúinn fyrr en í nóvember, enn liggja ekki fyrir heildartölur um innflutning þeirra tækja sem undir lögina falla á árinu 2008 og gjaldskrá vegna stæðaleigu hjá söfnunarstöðvum sveitarfélaga er ekki komin. Ekki hefur verið tryggt af Umhverfisstofnun að flest eða öll fyrirtæki sem falla undir lögina séu aðilar að RR-SKILum, sem er eina skilakerfið með starfsleyfi en félagsmenn þess annast að því er best verður séð aðeins um 60% af innflutningi raf- og rafeindatækja og eru innan við 13% af fjölda lögaðila sem fluttu inn meira en 500 kg af raftækjum á árinu 2008. Því hlýtur ábyrgð hinna lög-

hlýðnu fyrirtækja sem hafa skráð sig í RR-SKIL að miðast við markaðshlutdeildina en ekki að ná til alls þess rafeindaúrgangs sem til fellur í landinu þrátt fyrir að þetta sé eina skilakerfið.

### Samanburður kerfa

Með því að bera saman annars vegar þá leið að fara með förgun raftækjaúrgangs í gegn um Úrvinnslusjóð og hins vegar sérstakt skilakerfi, eitt eða fleiri, undir yfirsýn sérstakrar stýrinefndar þá er óhagræði og kostnaður margfaldur við þá leið sem valin var, þ.e.a.s. sérstakt skilakerfi. Bera má þetta saman á eftirfarandi hátt:

	Skilakerfi	Úrvinnslusjóður
Förgunargjöld	þurfa að standa undir rekstri skilakerfis, stýrinefndar	þurfa að standa undir litlum viðbótarkostnaði Úrv.sj.
Innheimta förgunargjalda	Innheimt eftirá frá félagsmönnum skilakerfa m/afföllum	Innheimt í tolli og enginn sleppur við að greiða. Þjagar því ekki samkeppni.
Upphæð förgunargjalda	Há þar sem hluti innflytjenda/framleiðenda greiðir fyrir alla.	Lægri þar sem allir greiða.
Áhrif á vöruverð/neytendur	Umtalsverð	Minni
Áhrif á skil rafbúnaðarúrgangs	Jákvæð, en ófullnægjandi þar sem kerfið hvetur skilakerfið til að lágmarka söfnun og lágmarka þannig kostnað.	Jákvæð og líklegra til árangurs þar sem söfnunarkostnaður er fyrirframgreiddur og markaðsaðilar hafa hag af því að bæta söfnunina.
Áhrif á framleiðendur	Hverfandi áhrif. Hér á landi finnast engir rafbúnaðarframleiðendur og landi er svo lítið markaðssvæði að óbein áhrif eru hverfandi.	Hverfandi áhrif. Helst þau að þetta kerfi hvetur innflytjendur til að hafa áhrif á framleiðendur til að bæta hönnun til að lágmarka söfnunar- og förgunarkostnað


### Niðurstaða

Það hefur komið berlega í ljós frá því að undirbúningur að rekstri skilakerfis hófst, að allir er málið varðar eru eindregið á þeirri skoðun að þetta nýja kerfi sé óskynsamlegt og margfalt dýrara og óskilvirkara en ef þetta væri á hendi Úrvinnslusjóðs. Það er samdóma álit allra í innflutningi, framleiðslu og versíun að förgun rr-úrgangs ætti að vera á hendi Úrvinnslusjóðs, - þrátt fyrir, en ekki vegna þess að hann er ríkisstofnun. Sjóðurinn hefur starfað frá ársbyrjun 2003, virkar nú ágætlega og sinnir hlutverki sínu þannig að ekki sætir gagnrýni ef undan er skilin nokkur sjóðsöfnun í einstökum flokkum. Þessari skoðun deila sveitarfélög, svo og flutninga- og förgunaraðilar úrgangs. Þeir sem undirrita þetta bréf, skora á umhverfisráðherra og Alþingi að breyta sem fyrst lagaumhverfinu eins og nauðsynlegt er til þess að förgun rr-úrgangs færist yfir til Úrvinnslusjóðs. Ef þessi leið er ekki valin þá hlýtur að koma til skoðunar að ráðherra beiti sér fyrir breytingu sem felst í því að tollstjóri innheimti

gjald af öllum innflutningi raf- og rafeindatækja sem falla undir lögin og skili því að frádregnum innheimtulaunum til skilakerfisins. Með þessu gæti mikið af því hagræði sem að ofan er tengt Úrvinnslusjóði náðst og jafnframt væri mikilli vinnu létt af Umhverfisstofnun og stýrinednd varðandi eftirlit og „smölun“ fyrirtækja inn í skilakerfi.

Undirritaðir leggja áherslu á að nauðsynlegt sé að framkvæma þetta á sem hagkvæmasta hátt fyrir þjóðfélagið og telja að innan EES samningsins sé nægilegt rými til þess að ákveða þá leið sem talin er hagkvæmest á Íslandi til að ná þeim markmiðum sem lögin stefna að því að ná. Ekki eru þekkt dæmi þess að leiðir sem einstakar þjóðir hafa farið til að framkvæma tilskipunina um förgun rr-úrgangs hafi sætt á mæli ESA eða ESB og er þó ljóst að sú framkvæmd er á marga mismunandi vegu. Auk þess er tilskipun Evrópusambandsins sem lögin grundvallast á nú til heildarendurskoðunar og hefur sætt mikilli gagnrýni af hálfu hagsmunaaðila.


Virðingarfyllst,

  
RR-SKI




Efnamóttakan ehf.

  
Fura hf.

  
Hringrás hf.

  
Félag íslenskra stórkaupmanna

  
Samtök iðnaðarins

  
SVP-Samtök verslunar og þjónustu